

Ed.

59. Frumvarp til laga

[53. mál]

um breyting á lögum nr. 3 12. apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

Við 1. mgr. 16. gr. bætist tveir nýir málslíðir, svo hljóðandi:

Hreppstjóra ber þóknun fyrir að annast gerðir þessar, og skal hún vera hálfu hærri en laun votta. Skiptaráðandi ákveður laun votta og sérstakra virðingarmanna. Ferðakostnað skulu þessir aðilar fá greiddan eftir reikningi, sem skiptaráðandi úrskurðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi 4. og 6. gr. laga nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl. hefur verið að finna ákvæði um greiðslur til hreppstjóra, þegar hann fyrir hönd sýslumanns stendur fyrir uppskrift eigna eða virðingargerð. Þar hefur og verið að finna ákvæði um greiðslur fyrir skoðunar- og matsgerðir. Við endurskoðun laga þessara hefur orðið að ráði að flytja sérstakt frumvarp til laga um hreppstjóra. Er í því frumvarpi byggt á því, að ákvæði um aukagreiðslur til hreppstjóra séu í viðkomandi lögum eða reglugerðum. Er þess vegna lagt til, að í 16. gr. skiptalaga sé tekið upp ákvæði um greiðslur til hreppstjóra, þegar þeir fyrir hönd sýslumanns standa fyrir uppskrift eigna eða virðingargerð og er á því byggt, að þessar greiðslur verði hálfu hærri en laun votta við gerðirnar.

Samkvæmt lögum nr. 33 26. apríl 1963, um breyting á lögum um meðferð einkamála í héraði, ákveður dómari nú laun þingvotta. Gildir það um votta, sem virða eignir fyrir skiptaráðanda. Vottar, sem virða fyrir hreppstjóra, falla hins vegar ekki beinlínis undir það ákvæði, en eðlilegt þykir, að sömu reglur gildi þar, og er því lagt til, að skiptaráðandi ákveði greiðslur til þeirra. Loks er gert ráð fyrir því, að þar sem sérstakir virðingarmenn eru tilnefndir, þá ákveði skiptaráðandi laun þeirra. Er það í samræmi við ákvæði laga nr. 33/1963, um greiðslur til dómkvaddra matsmanna.